

Sorpstöð Rangárvallasýslu  
Suðurlandsvegur  
850 Hella

Reykjavík, 4. janúar 2023  
UST202202-330/S.M.  
08.14.02

### **Reglubundið eftirlit á urðunarstað Sorpstöðvar Rangárvallasýslu**

Þann 27. október 2022 fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Sorpstöðvar Rangárvallasýslu á Strönd. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

#### **Útistandandi er frávik frá eftirliti 2021 er varðar:**

1. Gr. 3.7 í starfsleyfi. Rekstraraðila er heimilt að urða 1600 tonn af lífrænum úrgangi, þar af 800 tonn árið 2020 og 800 tonn árið 2021 án þess að uppfylla skilyrði um mengunarvarnir, sbr. gr. 3.2, 3.3, 3.4 og 5.2. Fram kom í eftirliti að á tímabilinu janúar-nóvember 2021 hefðu verið urðuð 1000 tonn af lífrænum úrgangi sem er umfram heimild starfsleyfis.

#### **Engin ábending var gerð í eftirliti nú en eitt frávik kom fram er varðar:**

2. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Rekstraraðila er heimilt að urða 800 tonn af lífrænum úrgangi á ári séu uppfylltar kröfur um mengunarvarnir, sbr. gr. 3.2, 3.3, 3.4 og 5.2. Urðaður hefur verið lífrænn úrgangur á urðunarstaðnum árið 2022, mengunarvarnir hafa ekki verið settar upp, og er urðunin því umfram heimildir starfsleyfisins.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 25. janúar 2023.**

Virðingarfyllst,

Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur

Freyr Ævarsson  
sérfræðingur